

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 23. júní 2021
UST202106-240/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Frístundabyggð Kotstekksás í Munaðarnesi - Borgarbyggð

Vísað er til erindis verkefnastjóri skipulags- og byggingarsviðs Borgarbyggðar er barst 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Kotstekksás í Munaðarnesi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagssvæðið er innan frístundasvæðis F62 og tekur til fimm frístundalóða og er heildarstærð þess 3,6 ha.

Birkiskógur

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi eru birkiskógar og -kjarr undir hverfisvernd og er skipulagssvæðið er innan hverfisverndar birkiskógar. Í aðalskipulagi er lögð sérstök áhersla á að vistkerfi og ásýnd þeirra verði fyrir minnstri röskun. Auk þess segir að lögð er áhersla á í tillögu deiliskipulags að á framkvæmdatíma skuli haga framkvæmdum þannig að birkikjarr raskist sem minnst þar sem byggingarreitir verða einnig staðsettir með tilliti til gróðurfars, þ.e. þar sem birkiskógurinn er gisinn.

Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógurinn getur fallið undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um birkiskógurinn í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hans sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á birki þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar á www.skogur.is segir að núverandi hæð trjágróðurs sé 2-3 metrar og heildarþekja trjágróðurs sé 40% krónuþekja.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð deiliskipulagtillögunnar sé horft til ofangreind ákvæði laganna.

Ásýnd og rask

Í greinargerð segir að jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef um landsár verða skal lóðarhafi græða jafnóðum upp.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað með vistgerðir með hátt verndargildi, leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaf framkvæmdir, lagning lagna og hreinsivirkja, jafnvel göngustígagerð og uppgröft á húsgrunnum verði gróður torfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Umhverfisstofnun telur að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur er t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistir með verndargildi.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur